

Frístundastyrkur Árborgar



Sveitarfélagið Árborg veitir foreldrum/forráðamönnum barna á aldrinum 5-17 ára, með lögheimili í Árborg, frístundastyrk vegna þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi. Árið 2017 er styrkurinn 15.000 krónur á hvert barn. Heimilt er að ráðstafa frístundastyrknum hvenær sem er á árinu (til 31. desember) óháð fjölda greina/námskeiða. Markmið og tilgangur Frístundastyksins er að öll börn, 5-17 ára, í Árborg, geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Öll ráðstöfun frístundastyrkja hjá Sveitarfélaginu Árborg er áfram rafræn í gegnum Mína Árborg en með breyttu sniði. Nýja kerfið er unnið í samstarfið við skráningarkerfið Nóra þannig að nú geta foreldrar nýtt frístundastyrkinn strax við skráningu barns í viðurkennda frístund.

Fara inn á [MÍN ÁRBORG](#).

Starfsmenn í þjónustuveri Árborgar aðstoða eins og kostur er með upplýsingagjöf.

Meginskilyrði þeirra aðila sem gerast aðilar að Frístundastyrk Árborgar er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna og fari fram undir stjórn/leiðsögn menntaðs fagaðila á sviði íþrótta og tómstunda. Styrkhæf starfsemi þarf að vera í 10 vikur samfelld hið minnsta. **Ekki er heimilt að flytja styrkinn á milli ára.** Frekari upplýsingar varðandi reglur um Frístundastyrk Árborgar má finna hér: [REGLUR UM FRÍSTUNDASTYRKI Í ÁRBORG](#)

Hvernig á að ráðstafa styrknum í gegnum Íbúagátt? Sjá leiðbeiningar hér: [Frístundastyrkur – skráningarupplýsingar](#)

Aðeins er hægt að nýta frístundastyrkinn hjá þeim

félögum/fyrirtækjum sem eru aðilar að Frístundastyrkjakkerfi Árborgar (sjá neðar vegna Tónlistarskóla Árnesinga)

Athugið að ekki er hægt að ganga frá skráningu og greiðslu á öllum námskeiðum í gegnum Mín Árborg en þau félög sem eru ekki í Mín Árborg eru með eigin skráningarsíðu sem hægt er að fara beint inn á og ganga frá skráningu og greiðslu. Líkt og t.d. hjá félögum eins og Gerplu, Fylki ofl. sem eru utan Árborgar

Skráning á námskeið þarf að fara fram hjá viðkomandi félagi/fyrirtæki þar sem barnið stundar sitt frístundastarf

Tengt efni:

[Spurningar og svör fyrir foreldrar](#)

Það er von Sveitarfélagsins Árborgar að frístundastyrkurinn nýtist sem flestum börnum í sveitarfélaginu í þeirra frístundastarf.

Meningar- og frístundasvið Árborgar

Aukaupplýsingar árið 2017

Frístundastyrkur vegna tónlistarnáms hjá Tónlistarskóla Árnesinga – umsóknarferlið

1. Foreldrar sem ætla að nýta frístundastyrkinn í tónlistarnám við Tónlistarskóla Árnesinga munu fá tölvupóst um miðjan september þar sem þeim er boðið að ganga frá skráningu inn í frístundakerfi Árborgar og nýta um leið frístundastyrkinn. Þeir sem hafa nýtt frístundastyrk barnsins í aðra tómskund þurfa ekki að nota þennan möguleika og hefur það engin áhrif á stöðu barnsins innan tónlistarskólans. Þetta fyrirkomulag er gert núna árið 2017 þar sem ekki var hægt að koma greiðslu- og skráningarkerfi tónlistarskólans inn í frístundakerfi Árborgar í tíma.

- Þetta virkar því þannig að foreldrar barna í tónlistarnámi ganga frá skráningu og fullri greiðslu við tónlistarskólann og fá síðan tölvupóst þar sem þeim er boðið að ganga frá skráningu í gegnum frístundakerfi Árborgar. Þar getur foreldri valið námskeiðið „**tónlistarnám í TÁ 2017**“ sem kostar 15.000 kr. eða jafnt og frístundastyrkurinn. Gengur frá skráningu og nýtir styrkinn og því ættu 0 kr. að vera til greiðslu. Fyllir inn í athugasemdir reikningsupplýsingar og kennitölu og fær síðan greiddar 15.000 kr. inn á sinn reikning. Virkar svipað og gamla kerfið en árið 2018 ætti allt að virka eðlilega.

2. Börn sem stunda tómstundir utan Árborgar geta nýtt sér frístundastyrkinn ef viðkomandi félag er samþykkt í frístundakerfi Árborgar. T.d. félag eins og Gerpla, Fylkir eða önnur sem nota skráningarkerfi Nóra. Ef einhver óvissa er um hvort hægt sé að nýta frístundastyrkinn skal hafa samband við Braga Bjarnason í síma 480-1900 eða bragi@arborg.is.